

N^o 28/1905:

Helgi prestur Arnason

gegn

Lárusi H. Bjarnason sýslumanni

D ó m u r :

Með landsyfirréttardómi 7. nóvbr. 1904 var áfrýjandi Helgi prestur Arnason dæmdur til að greiða stefnda Lárusi H. Bjarnason sýslumanni málskostnað að upphæð 20 kr., og var dómur þessi birtur fyrir áfrýjanda 19. desbr. f. á. Eftir kröfu stefnda var síðar fúgetaréttur haldinn 20. marz þ. á. á heimili áfrýjanda í Ólafsvík til þess að taka greinda upphæð fjárnámi ásamt fjárnámskostnaði og var öll upphæðin eftir kröfu stefnda fyrir fúgetaréttinum 60 kr. Áfrýjandi greiddi þá í réttinum af þessari upphæð 25 kr., sem sé að alupphæðina, málskostnaðinn 20 kr. — og birtingar- og réttargjöld 5 kr., en eftirstöðvarnar 35 kr., sem taldist vera ferðakostnaður setudómarans og dagpeningar, neitaði hann að greiða, og byggði hann mótmæli sín á því, að fúgetinn hvort sem er væri staddur í Ólafsvík sem setudómari. En mótmælunum var hrundið af fúgetanum, og var fjárnámið framkvæmt og munir áfrýjanda lögteknir, er virtir voru samtals 55 kr. Fjárnámsgjörð þessari hefir Helgi prestur Arnason áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 11. maím. þ. á., og krafist þess, að fjárnámsgjörðin verði úr gildi feld, og að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur til áfrýjanda fyrir tjón og skapraun, svo og málskostnað eftir réttarins mati.

Stefndi Lárus H. Bjarnason sýslumaður hefir af

sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og fjárnámsgjörðin verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins

Úr því að áfrýjandi lét til þess koma, að dómsupphæðin væri innheimt hjá honum með fjárnámi — en ekkert tillit verður tekið til þess, er hann segir, að hann hafi gleymt, nær upphæðin féll í gjalddaga, af því að hann hafði eigi eftirrit af dóminum — þá getur hann eigi komist hjá að greiða ferðakostnað og dagpeninga fógetans, er leiða af fógetaréttarhaldinu. En nú hefir áfrýjandinn skýrt svo frá, að fógetinn hafi í þetta sama sinn haft 2 önnur mál til meðterðar í Ólafsvík, og hafi ferðin þangað verið gerð einnig vegna þeirra, og hefir stefndi viðurkennt að svo hafi verið. Þó er þessi liður í reikningnum, ferðakostnaður og dagpeningar fógetans, ósundurliðaður, og ekkert bendir á að hann sé aðeins partur af stærri upphæð. Fyrir því hefir áfrýjandi farið því fram, að sér beri í öllu falli eigi að greiða nema þriðjung þessarar upphæðar. Fyrir yfirdóminum hefir stefndi nú skýrt svo frá, að hin umþrátaða upphæð sé eigi nema réttur þriðjungur af ferðakostnaði og dagpenigum fógetans, þar sem dagpeningar í 6 daga hafa verið 36 kr. og ferðakostnaður alls 69 kr., samtals 105 kr.

Þó að hin umþrátaða upphæð hafi eigi verið nákvæmar skýrð og einskorðuð fyrir fógetaréttinum en gert hefir verið, er þó eigi ástæða til þess að fella fógetagjörðina úr gildi fyrir þá skuld eina, og með því að eigi eru aðrar ástæður fyrir hendi til að ógilda hana, verður að staðfesta hana. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera;

Hin áfrýjaða fógetaréttargjörð skal vera óröskuð Áfrýjandi Helgi prestur Árnason greiði stefnda sýslumanni Lárusi H. Bjarnason 15 króur sem málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. nóvembermánaðar

Nr. 33/1905:

Réttvísinn:

gegn

Alexander Einari Valentínussyni,
Bjarna Sigurðssyni, Sigurbirni
Guðlaugssyni og Helga presti
Arnasyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað gegn hinum ákærðu Alexander Einari Valentínussyni, Bjarna Sigurðssyni og Sigurbirni Guðleifssyni fyrir brot gegn 102. grein alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og gegn hinum ákærða Helga presti Arnasyni fyrir hlutdeild í sama broti, og var því ráðið til lykta með aukaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 5. aprílm. þ. á., á þá leið, að Alexander Valentínusson skal greiða 100 kr. sekt í landsjóð, eða sæta 30 daga einföldu fangelsi, Bjarni Sigurðsson og Sigurbjörn Guðleifsson eiga hvor að greiða 80 kr. sekt